

**85. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í Stúkuhúsinu að Görðum,  
4. júní 2020 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsson dóttir aðalmaður, Ingþór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnanefndar.

**Fyrir tekið:**

**1. 2004224 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19 - Menningarmál**

Forstöðumaður leggur fram fyrirspurn sem barst til nefndarinnar um málið.

*Forstöðumanni falið að vinna að úrlausn málsins í samræmi við umræður á fundinum.*

**2. 2006046 - Sjómannadagurinn 2020**

Forstöðumaður stýrir umræðum um fyrirkomulag Sjómannadags 2020.

*Fyrirkomulag sjómannadags 2020 rætt og er fyrirkomulag í samræmi við fyrri ákvörðun nefndarinnar vegna Covid.*

**3. 2004225 - Bæjarlistamaður Akraness 2020**

Forstöðumaður leggur fram lista yfir tillögur um bæjarlistamann 2020.

*Forstöðumanni falið að koma tillögu nefndarinnar ásamt rökstuðningi til bæjarstjórnar.*

**4. 2006043 - 17. júní 2020**

Forstöðumaður stýrir umræðum um fyrirkomulag á 17. júní 2020.

*Forstöðumanni falið að ræða við aðila í tengslum við hlutverk fjallkonu og hátíðarræðu í samræmi við umræður á fundinum. Í ár verður fallið frá hefðbundnum 17. júní hátíðahöldum á Akratorgi vegna Covid-19. Boðið verður upp á hátíðardagskrá í streymi á netmiðlum Akraneskaupstaðar. Nánar auglýst síðar. Bæjarbúar eru hvattir til að skreyta nærumhverfi í tilefni dagsins og gera sér glaðan dag með sínu fólki.*

**5. 2006048 - Írskir dagar 2020**

Forstöðumaður stýrir umræðum um fyrirkomulag á Írskum dögum 2020.

*Ákveðið að fólki verði ekki stefnt saman á Akranesi á Írskum dögum en unnið verði að því að tengja fólk saman með einum eða öðrum hætti. Allar upplýsingar um viðburðahald verða kynntar á skagalif.is um leið og þær liggja fyrir. Forstöðumanni falið að vinna að dagskrá í samræmi við umræður á fundinum og í samvinnu við tengda aðila og tilmæli sóttvarnarlæknis.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.**

Ólafur Páll Gunnarsson  
Guðríður Sigurjónsdóttir  
Ingþór B. Þórhallsson  
Guðmundur Claxton

Helga Kristín Björgólfsson  
Ella María Gunnarsdóttir 9